

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 223/2020****2023/EES/70/47****frá 11. desember 2020****um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/745 frá 4. júní 2020 um breytingu á reglugerð (ESB) 2018/1042 að því er varðar frestun tiltekinna ráðstafana í tengslum við COVID-19 heimsfaraldurinn <sup>(1)</sup>.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirlið er bætt við 11. undirlið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1042) í lið 66nf (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32020 R 0745**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/745 frá 4. júní 2020 (Stjttíð. ESB L 176, 5.6.2020, bls. 11).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/745, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. desember 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (\*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 25/2020 frá 7. febrúar 2020 <sup>(2)</sup>, eftir því hvor dagsetningin er síðar.*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. desember 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Sabine Monauni***

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 176, 5.6.2020, bls. 11.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. ESB L 49, 16.2.2023 og EES-viðbætur nr. 13, 16.2.2023, bls. 50.